

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Hörður Oddfríðarson, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, og Guðrún Pálsdóttir og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Júlía Þorvaldsdóttir og Árni Stefánsson

Afboða, mæta ekki :

Fundur 22.11.2023 settur kl. 19.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. Stjórn SSÍ vill láta bóka eftirfarandi eftir sérlega vel heppnað ÍM25 í Ásvallalaug dagnna 10-12. Nóv s.l. „Stjórn SSÍ er sérstaklega hrifn af því hvernig mótið fór fram og öll vinna í aðdraganda þess á samfélagsmiðlum svo og merkingar og aðstaða í lauginni. Stjórn SSÍ vill þakka frábæru starfsfólki sínu fyrir framúrskarandi vel unnin störf og fyrir að hafa fært mótahald okkar upp á hærra plan. Þá vill stjórn SSÍ einnig þakka SH og forsvarsmönnum þess fyrir frábært samstarf og mikla fagmennsku. Síðast en ekki síst vill stjórn SSÍ þakka þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg til að gera þetta af einu besta sundmóti sem við höfum haldið hingaðtil. Frábær árangur náðist á mótinu og við erum að senda 6 keppendur á EM25 í desember og 20 keppendur á NM25.
- b. Bikar verður haldin í Laugardalslaug 15. og 16. Des. Undirbúningur er í gangi.
- c. Ráðstefnan „Vinnum Gullið“ var haldin í Hörpu s.l. mánudag að viðstöddu miklu fjölmenni. Það var barna- og íþróttamálráðuneytið sem stóð að baki ráðstefnunni og þátttaka var góð um umræður líflugar. Sundfólkið Hrafnhildur Lúthersdóttir og Anton Sveinn McKee voru meðal þeirra sem héldu ræður og sátu í pallborðsumræðum. Sem fyrr er það Vésteinn Hafsteinsson sem leiðir verkefnið með aðkomu nánast allra ráðuneyta.
- d. Lagðar voru fram og samþykktar litalsháttar orðabreytingar í Reglugerðum köflum XII gr. 3 a um skil skráninga á bikar (að þær þurfi að skilast til starfsmanns SSÍ en ekki endilga formans) og IX kafla gr. 6 a og b. Þessar breytingar gera okkur kleift að breyta verðlaunaafhendingum á Íslandsmótum Einnig var samþykkt smávægileg breytingar á grein 7.1.1 um að þjónustugjöld innheimtist einu sinni á ári í stað tvisvar sinnum áður. Þetta er í takt við samþykktir frá sundþingi. Þá var lög fram og samþykkt reglugerðabreyting um mönnun sundmóta.
- e. Farið var í umræðum um nýtt fyrirkomulag í þjónustugjöldum og hvernig hægt er að finnstilla reglur um skil inn í Sportabler.
- f. Formaður og framkvæmdastjóri voru viðstödd setningu sundátaksins Syndum sem var sett í Kópavogslaug að viðstöddu miklu fjölmenni. Formaður SSÍ, bæjarstjóri Kópavog Ásdís Kristjánsdóttir og Hafsteinn Pálsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ héldu stutt erindi. Sundfélögin innan okkar vébanda eru orðin miklu duglegri að taka þátt í þessu en áður. Átakinu lauk í lok nóvember og voru alls 20 hringir syntir í kringum landið en í fyrra voru hringirnir 10. Skólar og sundfélög tóku virkan þátt í átakinu.
- g. Formannafundur ÍSÍ var haldin föstudaginn 24. nóvember. Fundurinn fór fram með hefðbundnu sniði en sem fyrr eru bundnar miklar vonir við auka fjárveitingar og nýtt

unhverfi afreksíþróttanna frá og með árinu 2025. Ljóst er að mörg sérsambönd eru komin í þrönga stöðu.

- h. Leifur Guðni mótastjóri fór til Svíþjóðar til að kynna sér nýjan búnað frá ICC Sport sama fyrirtæki og selur okkur streymisbúnaðinn. Leifur Guðni kynnti hvernig þessi búnaður getur nýst okkur og tengst öðrum kerfum sem við erum að þróa og vinna með.
- i. Farið var yfir fjárhagsáætlun sem send var til afrekssjóðs í síðustu viku. Við eigum von á því að fá góða úthlutun í ár í ljósi góðs árangurs íþróttarinnar.
- j. Íslensk Getspá greidd út í síðustu viku aukagreiðslu vegna góðrar afkomu Lóttó. Við fengum rétt rúma milljón í okkar hlut.
- k. Í lok nóvember voru sendar út upplýsingar um þjálfaranámskeið á vegum SSÍ. Námskeiðið er að mestu í fjarvinnslu en þó eru verklegir þættir einnig hluti af því. Námskeiðið er byggt á þrepaskiptu menntunarkerfi World Aquatic með það að markmiði að auka hæfni þjálfara. Þetta námskeið heitir SSÍ-1 og er alþjóðlega viðurkennt námskeið í flestum löndum Evrópu. Þátttaka í námskeiðinu er langt umfram okkar væntingar en 39 einstaklingar hafa skráð sig á námskeiðið.
- l. Í gær héldum við móttöku fyrir EM hópinn okkar eftir frábæran árangur á EM25 í Búkarest (sjá nánar undir afreksmál) Mæting var frábær og meðal gesta voru m.a. ráðherra íþróttamála Ásmundur Einar Daðason, Lárus Blöndal forseti ÍSÍ, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ og Vésteinn Hafsteinsson afrekssjóri ÍSÍ. Góða mæting var meðal fjölmíðla og hlaut þessi móttaka almennt góðar undirtektir.
- m. Fundurinn staðfesti að sundfólk ársins verði sem hér segir samkvæmt reiknireglu SSÍ. Sundmaður ársins er **Anton Sveinn McKee** og sundkona ársins er **Snæfríður Sól Jórunnardóttir**. Gefin verður út fréttatilkynning í tilefni af þessari útnefningu.

3. Afreksmál

- **Norðurlandamótið** var haldið Tartu Eistlandi 1. – 3. Desember. Við sendum 20 manna hóp sem stóð sig frábærlega á mótinu og unnum til alls 7 verðlauna: Helstu afrek voru:
 - Guðmundur Leo Rafnsson: Gull í 200 m bak og silfur í 100 m bak.
 - Katja Lilja Andryisdóttir: Brons í 800m skriðsundi og 400m skriðsundi.
 - Vala Dís Cicero: Gull í 200m skriðsundi og brons í 100m skrið.
 - Vala Dís Cicero, Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir, Birgitta Ingólfssdóttir og Eva Margrét Falsdóttir brons í 4x100 m boðssundi.
 - Hólmur Grétarsson bætti tíma sinn í 400m fjórsundi um 3 sekúndur og bætti þar með einnig aldursflokkametið sitt í greininni, hann varð fimmti í sundinu.
- **Evrópumótið í 25 m laug** var haldið daganna 5 – 10. Desember í Búkarest í Rúmeníu. **Árangur okkar fólks var hreint út sagt stórkostlegur.** Keppendur okkar voru:
 - Anton Sveinn McKee
 - Birnir Freyr Hálfðánarson
 - Einar Margeir Ágústsson
 - Jóhanna Elín Guðmundsdóttir
 - Snorri Dagur Einarsson
 - Snæfríður Sól Jórunnardóttir
- Allir keppendur stóðu sig frábærlega en eftirfarandi voru helstu afrek:
 - Anton Sveinn McKee - Úrslit og **Silfurverðlaun** í 200 m bringu og undarúrslit og títundi í 100 m bringu

- Snæfriður Sól Jörunnardóttir – Úrslit og sjöunda sæti í 200 m skrið og setti Íslandsmet í undanúrslitasundinu. Undanúrslit og níunda sæti í 100 m skrið einnig á nýju Íslandsmeti.
 - Snorri Dagur Einarsson – Undanúrslit og 13. sæti í 50 m bringu og undarúrslit og 16. sæti í 100 m bringu. Bætti unglíngamet í báðum sundum.
 - Einar Margeir Ágústsson – Bætti unglíngamet í 200 m bringu og varð í 21. sæti.
- Æfingabúðir á Tenerife 30.jan til 9.feb.

4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

- Farið var yfir 121. fundargerð dómaranefndar frá 2. Nóv 2023

5. Staðfesting meta

25 metra laug

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
4x200m skriðsund	Sveit SH Veigar Sigbórsson Bimir Hálfðánarson Bergur F Bjarnason Magnus V Jónsson	SH	07:30,99	10.11.2023	Hafnarfj
4x100m fjórsund	Sveit SH Bergur F Bjarnason Snorri Einarsson Bimir Hálfðánarson Simon E Stakevicius	SH	03:40,72	12.11.2023	Hafnarfj
4x100m skriðsund	Sveit SH Kristín H Hákonard Vala Dís Cicero Jóhanna E Guðmundsd Birgitta Ingólfssdóttir	SH	03:47,89	16.12.2023	RVK
100m skriðsund	Snæfriður Sól Jörunnardóttir	AAL	00:53,11	07.12.2023	Otopeni
200m skriðsund	Snæfriður Sól Jörunnardóttir	AAL	01:54,23	09.12.2023	Otopeni

25 metra laug unglíngamet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
100m fjórsund	Einar Margeir Ágústsson	ÍA	00:55,75	10.11.2023	Hafnarfj
200m fjórsund	Bimir Freyr Hálfðánarsson	SH	01:59,07	11.11.2023	Hafnarfj
4x200m skriðsund	Sveit SH Veigar Sigbórsson Bimir Hálfðánarson Bergur F Bjarnason Magnus V Jónsson	SH	07:30,99	10.11.2023	Hafnarfj
4x100m fjórsund	Sveit SH Bergur F Bjarnason Snorri Einarsson Bimir Hálfðánarson Veigar Sigbórsson	SH	03:43,39	15.12.2023	Hafnarfj
50m bringusund	Snorri Dagur Einarsson	SH	00:26,96	09.12.2023	Otopeni
100m bringusund	Snorri Dagur Einarsson	SH	00:58,57	06.12.2023	Otopeni
200m bringusund	Einar Margeir Ágústsson	ÍA	02:12,15	08.12.2023	Otopeni

25 metra laug unglíngamet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
4x200m skriðsund	Sveit SH Vala Dís Cicero Katja Lilja Andryisd. María S Sigurðard Birgitta Ingólfisd,	SH	08:26,12	10.11.2023	Hafnarfj
4x100m skrðsund	Sveit Íslands Vala Dís Cicero Guðbjörg Bjartey Guðmundsd Birgitta Ingólfisdóttir Eva Margrét Falsdóttir	ISL	03:48,79	03.12.2023	Taartu Eistlan
4x200m skriðsund	Sveit Íslands Vala Dís Cicero Katja Lilja Andryisd Freyja Birkisd Guðbjörg Bjartey Guðmundsd	ISL	08:22,31	01.12.2023	Taartu Eistlan
4x100m fjórsund	Sveit Íslands Birgitta Ingólfisd Eva Margrét Falsdóttir Vala Dís Cicero Guðbjörg Bjartey Guðmundsd	ISL	04:17,97	02.12.2023	Taartu Eistlan

50 metra laug aldursflokkamet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
50m skriðsund	Denas Kazulis	ÍRB	00:25,17	19.12.2023	Reykjanesbær
4x100m fjórsund	Sveit ÍRB	ÍRB	04:19,11	19.12.2023	Reykjanesbær

25 metra laug aldursflokkamet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
400m skriðsund	Magnús Víðir Jónsson	SH	04:04,34	21.10.2023	Hafnarfj
100m skriðsund	Magnús Víðir Jónsson	SH	00:52,70	11.11.2023	Hafnarfj
200m skirðsund	Magnús Víðir Jónsson	SH	01:53,29	12.11.2023	Hafnarfj
50m bringusund	Margrét Anna Lapas	Breiðablik	00:33,46	12:11.2023	Hafnarfj
50m skriðsund	Vala Dís Cicero	SH	00:25,87	10.11.2023	Hafnarfj
100m skriðsund	Vala Dís Cicero	SH	00:56,09	12.11.2023	Hafnarfj
100m flugsund	Vala Dís Cicero	SH	01:03,14	12.11.2023	Hafnarfj
100m fjórsund	Vala Dís Cicero	SH	01:03,94	10.11.2023	Hafnarfj
200m skriðsund	Vala Dís Cicero	SH	02:00,66	02.12.2023	Taartu Eistlan
4x100m skriðsund	Sveit ÍRB Denas Kazulis Daði Falsson Árni Þór Pálmason Nikolai Jonsson	ÍRB	03:43,11	11.11.2023	Hafnarfj
4x200m skriðsund	Sveit SH Halldór I Hafþórsson Karl Björnsson Hólmur Grétarsson Magnús V Jónsson	SH	08:02,58	09.12.2023	Hafnarfj
400m fjórsund	Hólmur Grétarsson	SH	04:27,16	03.12.2023	Taartu Eistalan
4x50m skriðsund	Sveit ÍRB Nikolai Jonsson Árni Þór Pálmason Daði Falsson Denas Kazulis	ÍRB	01:42,27	18.12.2023	Reykjanesbæ
4x50m fjórsund	Sveit ÍRB Árni Þór Pálmason Nikolai Jonsson	ÍRB	01:51,82	18.12.2023	Reykjanesbæ

Daði Falsson
Denas Kazulis

2. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Jón Ingi Laufeyjarson	Ármann	KR	9.11.2023	10.12.2023
Valdís Rós Þorsteinsdóttir	UMFB	SH	15.08.2023	16.09.2023
Már Óskar Þorsteinsson	UMFB	SH	15.08.2023	16.09.2023

3. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
04.12.2023	Aukagreiðsla frá íslenskri getsþá	ÍSí
29.11.2023	Request to submit nominations	EA/LEN
05.11.2023	Request for Support in Expedited Citizenship Process	MP

4. Önnur mál:

- a. Ísland átti 3 fulltrúa á EM25 Garpa sem haldið var á Madeira í Nóvember. Hörður Oddfríðarson er einn af skipuleggjendum mótsins sem formaður Garpa nefndar European Aquatics og einni eru þær Viktoría Gísladóttir og Ragnheiður Birna Björnsdóttir sem dómara.
- b. Ráðstefna European Aquatics í aðenu í lok jan
- c.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 21.00

Minnispunktur
Heimasíða
Mannvirkjaverkefni
Mótakerfi